



# Útikennsla í samfélagsgreinum á Íslandi og Svíþjóð

Rýni í aðalnámskrár grunnskóla

Erla Sif Karlsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



# Útikennsla í samfélagsgreinum á Íslandi og Svíþjóð

*Rýni í aðalnámskrár grunnskóla*

Erla Sif Karlsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Auður Pálsdóttir

Deild faggreinakenndu  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Maí 2019

Útikennsla í samfélagsgreinum á Íslandi og Svíþjóð  
Rýni í aðalnámskrár grunnskóla

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs  
í Grunnskólakennarafræði við Deild Faggreinakennslu,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Erla Sif Karlsdóttir 2019

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Markmið þessa verkefnis var að greina með hvaða hætti áhersla á útikennslu birtist í samfélagsgreinum í aðalnámskrám grunnskóla á Íslandi og Svíþjóð. Greining námskrána fór annars vegar fram með endurteknum lestur þeirra til að fá heildaryfirlit yfir áherslur í samfélagsgreinum og hins vegar fór fram orðaleit þar sem leitað var að algengum hugtökum tengdum útikennslu. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að námskránnar fyrir samfélagsgreinar á Íslandi og Svíþjóð eru með svipuðum grunntón sem leggur áherslu á að nemendur læri að láta sig varð nærumhverfi sitt og samfélag og taki þátt sem virkir borgarar í lýðræðisríki. Ramminn sem sænskir kennarar fá til að fylgja er talsvert ítarlegri en sá íslenski og virðast íslenskir kennarar hafa meira frelsi til að móta áherslur í sinni kennslu, ekki bara um aðferðir heldur líka inntak. Hins vegar virðist munur á námskránum í samfélagsgreinum með hliðsjón af útikennslu helst birtast í því að hugtök tengd útikennslu koma oftast fyrir í þeirri íslensku, hugtök tengd reynslu nemenda og upplifun oftast í þeirri sænsku og samfélagsgreinar fá meira rými í þeirri sænsku en þeirri íslensku.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>5</b>
<b>Töfluskrá</b> .....	<b>5</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>6</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>2 Útikennsla</b> .....	<b>9</b>
<b>3 Aðferðafræði</b> .....	<b>11</b>
<b>4 Aðalnámskrár</b> .....	<b>12</b>
4.1 Sænska aðalnámskráin .....	12
4.2 Íslenska aðalnámskráin.....	13
<b>5 Niðurstöður</b> .....	<b>15</b>
5.1 Sænska aðalnámskráin .....	15
5.2 Íslenska aðalnámskráin.....	16
5.3 Samanburður á íslensku og sænsku námskránni .....	17
<b>6 Umræður</b> .....	<b>19</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>21</b>

## **Myndaskrá**

Mynd 1. Hlutfall samfélagsgreina í sænsku aðalnámskránni frá 2018. .... 16

Mynd 2. Hlutfall umfjöllunar um samfélagsgreinar í íslensku aðalnámskránni..... 17

## **Töfluskrá**

Tafla 1. Tíðni hugtaka tengdum útikennslu í íslensku og sænsku aðalnámskránni. 18

## Formáli

Eftir að hafa kynnst útikennslu hjá mömmu minni hef ég mikinn áhuga á að nýta mér þessa kennsluaðferð. Ég tel útikennsla gefi nemendum einstakt tækifæri á að upplifa nærumhverfi sitt og verða betur til þess fallnir að láta sig það varða og hafa jákvæð áhrif á það. Þannig getur skipulögð útikennsla gefið nemendur tækifæri til læra að njóta og virða jafnt nærumhverfið sitt og land, og þannig njóta þess að búa á okkar yndislega landi með þessari stórbrotnu náttúru. Ég tel því ég mikilvægt að stuðla að útikennslu í grunnskólum landsins.

Ég vil þakka fjölskyldu minni kærlega fyrir þann stuðning sem hún hefur veitt mér í gegnum nám mitt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þá vil ég þakka sérstalega afa mínum Loga Guðbrandsyni fyrir að lesa yfir ritgerðina. Einnig vil ég þakka leiðbeinandanum mínum Auði Pálsdóttur kærlega fyrir þann stuðning og skilning sem hún hefur veitt mér.

Reykjavík, 9. maí 2019

Erla Sif Karlsdóttir



## 1 Inngangur

Þið þekkið fold með blíðri brá  
og bláum tindum fjalla  
og svanahljómi, silungsa  
og sælu blómi valla  
og bröttum fossi, björtum sjá  
og breiðum jökulskalla –  
drjúpi' hana blessun Drottins á  
um daga heimsins alla.

(Jónas Hallgrímsson, 1944)

Ljóð Íslands minni hér að ofan eftir Jónas Hallgrímsson, lýsir fallegri náttúru Íslands og færir mörgum hlýju í hjarta. Þannig er líka íslensk náttúru það sem fólk hugsar til þegar það hugsar um Ísland, landið með stórbrotna náttúru sem finnst ekki á mörgum stöðum í heiminum. Því kemur ekki á óvart að náttúran hefur leikið stórt hlutverk í íslensku samfélagi í gegnum tíðina, líka í námi nemenda í skólum. Því er ekki undarlegt, að útikennsla sé nálgun í kennslu sem beitt er í mörgum grunnskólum, enda er útikennsla og nám í nærumhverfi barna hluti af stefnu íslenskra stjórnvalda sem birtist í aðalnámskrá grunnskóla (2013).

Höfundur þessa verkefnis hefur lengi búið í Svíþjóð og starfar í dag í íslenskum grunnskóla. Í kennaranámi sínum á sviði samfélagsgreina hefur áhuginn lengi beinst að því hvað er líkt og hvað ekki í áherslum aðalnámskráa þessara tveggja landa. Í íslenskum rannsóknum á aðalnámskrá grunnskóla í tengslum við útikennslu hefur sjónum aðallega verið beint að náttúrugreinum (sjá t.d. Meyvant Þórólfsson og Eggert Lárusson, 2010; Meyvant Þórólfsson og Gunnar E. Finnbogason, 2011; Vilji og veruleiki, 2007). Fáar rannsóknir virðast fjalla um greiningu á áherslum aðalnámskrár með hliðsjón af útikennslu og samfélagsgreinum (sjá þó Astrid Jóhanna Kristjánsdóttir, 2016), en í rannsókninni Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014) var sjónum m.a. beint að birtingarmynd útikennslu í þágildandi aðalnámskrá.

Markmið þessa verkefnis var að greina með hvaða hætti áhersla á útikennslu birtist í samfélagsgreinum í aðalnámskrám grunnskóla á Íslandi og Svíþjóð.

Uppbygging ritgerðarinnar er þannig að á eftir þessum inngangi er annar kafli þar sem gerð er grein fyrir hugtökum tengdum útikennslu. Í þriðja kafla er fjallað um aðalnámskrár Íslands og Svíþjóðar. Í fjórða kafla er sagt frá aðferðunum sem nýttar voru við greiningu

námskánna. Í fimmta kafla eru niðurstöðum kynntar og þær svo ræddar í sjötta kafla. Í lokin er svo gerð grein fyrir þeim heimildum sem vísað er til.

## 2 Útikennsla

Ýmislegt hefur verið skrifað um útikennslu bæði hér á landi og í Svíðþjóð. Margt útgefið efni felur í sér kennsluhugmyndir fyrir kennara eða leiðbeiningar fyrir þá um hvernig megi beita útikennslu í skólastarfi. Minna virðist vera um beinar rannsóknir á námskrám með hliðsjón af kostum útikennslu í skólastarfi eða beinum rannsóknum á því sviði.

Hugtakið útikennsla er í hugum margra kennsluaðferð þar sem kennarinn nýtir sér aðstæður fyrir utan skólastofuna, t.d. skólalóðina, nánasta umhverfi skólans eða jafnvel svæði sem liggja nærri skólanum en eru þó ekki í göngufæri. En ekki eru allir sammála um hver mörkin séu eða hvað þurfi til þess að hægt sé að telja kennslu til útikennslu. Sumir fræðimenn eins og Arne Nikolaisen Jordet telur að kennslan þurfi að fara reglulega fram utandyrá til þess að hægt sé að tala um útikennslu (Jordet, 1998). Hins vegar telja Gilbertson, Bates, McLaughlin og Ewert (2006) að til þess að kennslan geti talist útikennsla þurfi hún að gerast utandyrá en einnig telja þeir nauðsynlegt að nemendur öðlist dýpri sýn á umhverfi sitt í þessari kennslu. Í aðalnámskrá grunnskóla á Íslandi kemur fram að útikennsla sé mikilvægt vegna þess að þá læra nemendurnir að nýta sér öll skynfærin sín og geta því tengt þau við hin ýmsu viðfangsefni skólans. Útikennslan geti þannig sameinað bóklegar námsgreinar við greinar eins og íþróttir. Þá kemur fram að mikilvægt sé að nemendur læri að þekkja, skilja og virða náttúruna í nærumhverfinu sínu, en líka að þeir beri ábyrgð á sjálfum sér, t.d. með því að læra að klæða sig eftir veðri (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Rannsóknarhópurinn í umhverfismálum við Háskólann í Linköping hefur sett fram skýringu á hugtakinu um námsumhverfi sem nýtt er í útikennslu. Námsgreinið á að endurspegla samfélagið, nærumhverfið og menningarumhverfið og er mikilvægi staðsetningarinnar undirstrikuð. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að tengja útikennsluna við bóknaðið eða aðra innikennslu. Þá þurfi útikennsla að fela í sér samspili reynslu og hugleiðingar byggðar á raunverulegri reynslu í raunverulegum aðstæðum (National Centre for Outdoor Environmental Education, 2004).

Undir þessa skilgreiningu taka Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir (2014) þegar þær fjalla um hugtök tengd útikennslu í bók sinni Útikennsla og útinám í grunnskólum. Þær benda þær á að almennt virðast flestir skilgreina útikennslu í tengslum við nám í náttúrugreinum, en hins vegar bendi fræði um útikennslu til að skilgreina megi útikennslu sem nám utan veggja skólans þar sem nærumhverfið er viðfangsefni og vettvangur námsins. Þannig gæti ferð á safn sem úti eða inni verið hluti af útikennslu.

Ragnheiður Þorgrímsdóttir (e.d.) fjallar um hugtakið útikennsla á heimasíðu sinni og segir að í útikennslu geti falist fjölbreytt viðfangsefni. Þó leggur hún áherslu á mikilvægi á

upplifun nemenda og því að þeir fái að prófa sjálfir, því þannig læri nemendurnir mun meira (Ragnheiður Þorgrímsdóttir, e.d.).

Í bókinni Skapandi skóli, handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðlun er útskýrt með útikennslu sé í raun verið að vísa í nokkrar kennsluaðferðir sem hafa það sameiginlegt að fara fram utandyra eða undir berum himni. Þeir eru sammála Jordet (1998) um að útikennsla eigi að vera hluti af reglulegu skólastarfi og nefna að úrvinnslan úr þessum verkefnum geta farið fram bæði utandyra sem innan. Þá sé til valið að tengja útikennsluverkefni við önnur jafnvel stærri þemaverkefni (Sigrún Björk Corters, Björgvin Ívar Guðbrandsson, Margrét Hugadóttir og Torfi Hjartarson, 2016).

Í raun er hægt að segja að í útikennslu felist margar kennsluaðferðir og að hugtakið útikennsla sé einhverskonar yfirheiti. Dæmi um það sem fellur undir útikennslu eru vettvangsferðir, vettvangskannanir og skoðunarferðir. Allt eru þetta kunnugleg hugtök og geta í huga margra merkt það sama. Með hugtakinu vettvangsferð er gjarnan átt við að nemendurnir fara á tiltekinn stað í þeim tilgangi að kanna hann og skoða. Þá er þessi staður bæði vettvangur og viðfangsefni námsins þar sem nemendur gera einhvers konar rannsókn og beita viðeigandi rannsóknaraðferðum (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014; Odberg, Ann-Helen, 2010).

Í handbók Lýðheilsustöðvar um hreyfingu í skólastarfi er fjallað um mikilvægi útikennslu fyrir líkamlega og andlega vellíðan nemenda (Odberg, 2010). Það kemur fram að það sé mikivægt að stuðla að góðri útikennslu því þá fá nemendur fersk loft og meiri hreyfinu en þeir myndu fá innandyra. Þá er einnig bent á að í útikennslu getur skapast betri heilsa hjá kennurum og nemendum og að nemendurnir læri að klæða sig eftir veðri.

Í hnotskurn má segja að fræðimenn séu sammála um að útikennsla eigi að fara fram utandyra eða að minnska kosti utan veggja skólans þar sem staðurinn hverju sinni er bæði vettvangur og viðfangsefni námsins. Þá eru þeir einnig sammála um mikilvægi þess að nemendur séu virkir í eigin námi og fái að upplifa hlutina á eigin spýtur. Upplifun þeirra hjálpi þeim að muna það sem þarf og tengja nýja reynslu við fyrri reynslu og þekkingu (Gilbertson o.fl., 2006; Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014; Jordet, 1998; National Centre for Outdoor Environmental Education, 2004; Sigrún Björk Corters ofl., 2016).

### 3 Aðferðafræði

Markmið þessa verkefnis var að greina með hvaða hætti áhersla á útikennslu birtist í samfélagsgreinum í aðalnámskrám grunnskóla á Íslandi og Svíþjóð. Báðar þessar námskrár eru opinber gögn sem kynnt eru á vefsíðum yfirvalda menntamála annars vegar á opinberu máli hvors lands sem og ensku. Í þessu verkefni voru annars vegar greinda íslenska námskráin á íslensku og hins vegar sú sænska á sænsku.

Verklagið fólst í tvennskonar nálgun. Annars vegar fór fram endurtekinn lestur námskránna til að fá heildaryfirlit yfir áherslur í samfélagsgreinum beggja námskráa og hins vegar fór fram orðaleit þar sem leitað var að algengum hugtökum tengdum útikennslu. Helstu leitarorð voru t.d. útikennsla, upplifun, þátttaka, reynsla, vettvangsferðir og vettvangsathuganir á íslensku, en sænsku hugtökin voru t.d. utomhusgedagogik, uppleva, delta, erfarenhet, studiebesök. Þá voru aðferðir orðræðugreiningar hafðar til hliðsjónar í þessari vinnu.

Orðræðugreining er aðferð sem beitt er til að skilja félagslegan veruleika. Gögnin eru greind út frá því hvernig fjallað er um hugtökin, en ekki síður út frá því sem ekki er sagt (Kristín Björnsdóttir, 2013). Við rýni í hugtök tengdum útikennslu voru íslenska og sænska námskráin lesin til að skoða hvort hugtökin væru notuð og þá með hvaða hætti (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2013). Einnig var haft í huga að höfundur hafði í upphafi vinnunnar ákveðnar hugmyndir um hvað útikennsla felur í sér en hann reyndi hins vegar að vera trúr því sem fram kemur í gögnunum með hliðsjón af skilgreiningum úr fræðunum. Í orðaleitinni var horft til þess að sjá hversu oft tiltekin hugtök komu fram í textunum og í hvaða samhengi (Meyvant Þórólfsson og Eggert Lárusson, 2010).

## 4 Aðalnámskrár

Ísland og Svíþjóð eru norræn ríki sem eiga margt sameiginlegt. Þar með taldar eru áherslur í aðalnámskrám fyrir grunnskóla. Hér verða aðalnámskrár beggja ríka kynntar og gerð grein fyrir helstu einkennum og framsetningu. Námskrárnar byggja á lögum og er gildistaka þeirra auglýst sérstaklega eins og kynnt er fremst í almennu hluta aðalnámskrárinnar frá árinu 2011. Þar segir um hlutverk námskrárinnar á Íslandi:

Aðalnámskrá grunnskóla lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur, kennara og stjórnendur skólans og annað starfsfólk. Hún er jafnframt viðmiðun við samræmt námsmat í grunnskólum, mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð og kennaramenntun, grundvöllur skólanámskrárgerðar og sjálfsmats skóla og stefnumörkunar sveitarfélaga. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra svo að þeir geti fylgst með starfsháttum skólans, árangri skólastarfs, velferð og líðan nemenda. Aðalnámskrá veitir einnig nemendum margháttaðar upplýsingar um skólastarf (*Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 760/2011 2.gr.*).

### 4.1 Sænska aðalnámskráin

Sænska aðalnámskráin heitir á sænsku *Läroplan för grundskolan, förskoleklassen och fritidshemmet* og var nýjasta útgáfa hennar gefin út árið 2018 (Skolverket, 2018). Hún var upprunalega gefin út árið 2010 en hún hefur verið endurútgefin fjórum sinnum eftir það. Aðalnámskráin í Svíþjóð er ætluð grunn- og leikskólum og frístundarheimilum landsins. Hún gefur skýra mynd af því hvernig starf þessara stofnana á að vera. Námskráin er 305 blaðsíður og er henni skipt í fimm hluta. Í þeim er fjallað um grundvallargildi og verkefni skólans, um heildarmarkmið og leiðbeiningar grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila og námsgreina þó aðallega um námsgreinar eins og þær birtast í grunnskólum (Skolverket, 2018).

Í Svíþjóð er fjölmenningsleglegt samfélag og því leggur aðalnámskrá mikla áherslu á að skólinn búi til gott samfélag bæði innan og utan skólans. Þar eiga nemendur að geta sett sig í spor annarra og að skilja sjálfa sig og annarra og virða menningu sem þeim getur virst framandi. Sérstök áhersla er lögð á jafnrétti (Skolverket, 2018).

Kafla sænsku námskrárinnar um samfélagsgreinar er skipt í fjórar hluta: Samfélagsfræði, landafræði, trúabragðafræði og sögu. Í þessum hlutum koma fram markmið námsins en líka hvaða námsefni nemendur eiga að læra í skólanum. Í upphafi hvers kafla eru eins konar hæfniviðmið eða einskonar hæfnimarkmið sett fram. Þau eru ekki mörg en gefa mynd af námsefninu sem nota á. Til dæmis fjallar kaflinn um landafræði sérstaklega um mikilvægi þess að nemendur skilji og kunni að meta nærumhverfið sitt, því það hafi bein áhrif á lífsgæði

einstaklinga. Þá eiga nemendur að geta þekkt mismunandi landsvæði ekki aðeins í Svíþjóð heldur um heim allan (Skolverket, 2018).

Í kaflanum um sögukennslu er fjallað um mikilvægi þess að nemendur viti hvernig samfélag þeirra hafi þróast. Þar segir að nemendur eigi að geta sett sig í spor forfeðra sinna með því að kynna sér hefðir þeirra og það umhverfi sem þeir lifðu í. Í kaflanum er sagt frá mikilvægi þess að nemendur þekki og kunni að meta gamlar byggingar og umhverfi (Skolverket, 2018).

Í trúabragðafraeðinni er fjallað um mikilvægi þess að nemendur skilji lífsviðhorf hvers annars þar sem vanþekking þar um getur auðveldlega orðið að fordómum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum fjölmennustu trúabrögð heims og menningu sem tengist þeim. Kaflinn fjallar einnig um að mikilvægt sé að ræða í þessu sambandi um réttindi allra, þar á meðal jafnrétti kynjanna (Skolverket, 2018).

## **4.2 Íslenska aðalnámskráin**

Íslenska aðalnámskráin grunnskóla er tvískipt. Annars vegar er almennur hluti sem tók gildi árið 2011. Seinni hlutinn er svokallað greinasvið og kom út árið 2013. Í almenna hlutanum sem er 77 blaðsíður að lengd eru 16 hlutar. Þar er í fyrsta kafla fjallað um hlutverk aðalnámskráa. Þar kemur fram að aðalnámskráin er með sameiginleg markmið og kröfur sem eiga við um alla nemendur, kennara, stjórnendur skólans og annað starfsfólk. Annar kaflinn er um almenna menntun og kynnis grunnþætti menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun. Þeir eiga að vera undirstöður náms á Íslandi. Þriðji kaflinn er um mat og eftirlit sem útskýrir áherslur um námsmat skóla og innra og ytra mat á skólastarfi. Fjórði kaflinn fjallar um hlutverk grunnskóla, sá fimmti um almenna menntun í grunnskólum, sjötti kaflinn segir frá grunnþáttum í menntuninni og áherslupáttum í grunnskólalögum. Sjöundi kaflinn er um nám og kennslu en í honum er meðal annars fjallað um skólabraginn, forvarnir og hlutverk foreldra og aðstandenda (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Áttundi kafli aðalnámskrár grunnskóla fjallar um inntak og skipulagningu námsins. Í honum er sagt frá kennslu, námsefni svo eitthvað sé nefnt. Sá níundi gerir grein fyrir áherslum í námsmati í grunnskólum og hvernig eigi að meta nám nemenda í grunnskólum. Tíundi kaflinn fjallar nánar um áherlur í mati á grunnskólastarfi, annars vegar innra mati og hins vegar ytra mati. Ellefti kaflinn ræðir skólaþróun og hverju skólinn þurfi að taka mið af við þróun skólastarfs. Umfjöllun tólfta kafans er skólanámskrár og starfsáætlanir skóla sem hverjum skóla er skylt að gera. Þrettándi kaflinn fjallar um ábyrgð og skyldur nemenda, starfsfólks og foreldra/forráðamanna. Fjórtdandi kafli er um tengsl heimila við skóla.

Fimmtánda kafli segir frá tengslum skólastiga. Sextánda kafli gerir grein fyrir hvenær megi veita undanþágur frá kröfum aðalnámskrárinnar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Seinni hluti aðalnámskrárinnar inniheldur svokallað greinasvið, þ.e.a.s. þær námsgreinar og námssvið sem vinna skal með í grunnskólum. Í upphaf hvers kafla er fjallað um lykilþátt þeirra námsgreina. Þá eru kynnt hæfniviðmið hvers greinar og undirgræna, en í þeim felst sú hæfni sem nemandinn á að vera búin að tileinka sér við ákveðin aldur, þ.e.a.s. við lok fjórða bekkjar, við lok sjöunda bekkjar og við lok tíunda bekkjar. Þessum hæfniviðmiðum er skipt niður í mismunandi viðfangsefni (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Samfélagsgreinarnar mynda í aðalnámskrá grunnskóla á Íslandi eitt námssvið. Samfélagsgreinar eru saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Hæfniviðmið þessara greina eru kynnt saman en þremur efnisþáttum, þ.e.a.s. þáttum sem fjalla um reynsluheim, hugarheim og félagsheim einstaklinga (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í kaflanum um reynsluheiminn eru hæfniviðmið sem fjalla um hvernig nemendur eiga að skilja veruleikann sinn og samfélag, sögu og menningu. Í kaflanum um hugarheiminn er hins vegar fjallar um hvernig nemendurnir eiga hafa að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Í kaflanum um félagsheiminn segir hvernig nemendur eiga að geta myndað og þróað tengsl við aðra (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í þessum efnisþáttum er fjallað bæði um nærumhverfi nemenda sem er náttúrulegt og það sem er manngert. Þar má nefna að nemendur eiga að geta lýst náttúruperlum landsins og hvernig þær hafa áhrif á samfélag og náttúru. Fjallað er ítarlega um hve mikilvægt er að tengja námsefnið við fyrri reynslu barnanna til þess að auka skilning þeirra. Þá kemur fram að nemendur þurfi að þekkja vel nærumhverfið sitt og geta greint það á mismunandi hátt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).



## 5 Niðurstöður

Eins og áður sagðir var markmið þessa verkefnis var að greina með hvaða hætti áhersla á útikennslu birtist í samfélagsgreinum í aðalnámskrám grunnskóla á Íslandi og Svíþjóð. Niðurstöður greiningarinnar eru kynntar í tveimur hlutum. Annars vegar niðurstöður greiningar á sænsku aðalnámskránni og hins vegar íslensku aðalnámskránnar. Í lokin er samantekt á niðurstöðum.

### 5.1 Sænska aðalnámskráin

Sænska aðalnámskráin felur í sér meiri leiðbeiningar en sú íslenska. Það birtist helst í því að tilgreint er nokkuð ítarlega hvað eigi að kenna og hvaða efnispætti eigi að vinna með. Þá er lögð sérstök áhersla á að nemendur geti nýtt sér margar mismunandi aðferðir til þess að afla sér heimilda (Skolverket, 2018).


Í sænsku námskránni er mikið svigrúm fyrir kennara að velja kennsluaðferðir. Efnispættir eru hinsvegar tilgreindir fyrir hvern árgang og gefnar eru talsvert nákvæmar upplýsingar um hvað nemendur eiga að læra um (Skolverket, 2018).

Samfélagsgreinum er eins og áður sagði skiptar í sérstaka undirkafla. Kaflinn um landafræði fjallar sérstaklega um mikilvægi þess að nemendur skilji og kunni að meta nærumhverfi sitt, því slík þekking hefur bein áhrif á lífsgæði einstaklinga. Kennslan á að gefa nemendum tækifæri til að þróa þekkingu um hvernig maðurinn hefur haft áhrif á myndun og mótun náttúruvinnar. Það segir að hjálpa eigi nemendum að öðlast reynslu af því að túlka og meta afleiðingar mismunandi breytinga sem eiga sér stað í landslaginu. Þannig ættu nemendur að fá tækifæri til að sjá heiminn út frá heildrænni sjónarmiðum. Þeir leggja áherslu á að nemendurnir læri hugtökin sem tengjast landafræði (Skolverket, 2018).

Í kaflanum um sögukennslu kemur fram að hún ætti að miðast við að nemendur þrói þekkingu sína á sögu í samhengi við nútímann. Það er til þess að nemendur geti skynjað nútímann og hvernig framtíðin gæti orðið. Kennslan ætti að gefa nemendum kost á að þekkja söguleg hugtök, atburði, merkilega staði og hvernig er hægt að læra af sögunni í mismunandi samhengi (Skolverket, 2018).

Kennslan um efni trúarbragða skal miða að því að nemendur þrói þekkingu á trúarbrögðum frá öðrum sjónarmiðum lífsins eins og úr eigin samfélagi og öðrum stöðum í heiminum. Kennslan ætti að varpa ljósi á það hlutverk sem trúarbrögð leika í samfélagi fólks, bæði í friðaraðgerðum og í átökum, í því að stuðla að félagslegri samheldni og sem orsök aðgreiningar (Skolverket, 2018). Þá kemur fram að kennsla um trúarbrögð ætti einnig að veita þekkingu og skilning á því hvernig kristnar hefðir hafa haft áhrif á sænskt samfélag og gildi þess. Með kennslunni eiga nemendur að fá tækifæri til að túlka menningarlega tjáningu sem tengist trúarlegum hefðum og fá tækifæri til að skoða heimildir og félagsleg vandamál

sem tengjast trúarbrögðum og lífskoðunum fólks (Skolverket, 2018). Þegar skoðað var hlutfall blaðsíðna um samfélagsgreinar af heildarfjölda síðna kom í ljós að samfélagsgreinar eru um 11% aðalnámskrár grunnskóla í Svíþjóð. Þetta má sjá á mynd 1.



**Mynd 1. Hlutfall samfélagsgreina í sænsku aðalnámskránni frá 2018.**

Í sænsku námskránni er ekki sérstök áhersla á útikennslu umfram aðrar kennsluaðferðir sem kennarar geta beitt til að ná fram markmiðum námskrárinnar. Hins vegar benda efnisþættir sem kynntir eru til þessa að slíkum aðferðum verði að beita til að ná markmiðum námsins.

## 5.2 Íslenska aðalnámskráin

Í íslensku námskránni eru kynnt hæfniviðmið sem segja hvað nemendur eigi að geta að námi loknu. Ekki er fjallað um hvaða efnisþætti eigi að kenna á hverju aldursbili líkt og er í þeirri sænsku, þótt ákveðnar vísbendingar megi lesa út úr hæfniviðmiðunum.


Eins og í sænsku námskránni er í þeirri íslensku lögð áhersla á að kennarar beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum. Nefnd eru dæmi um slíkar aðferðir og er útikennsla ein þeirra. Hins vegar eru ekki upplýsingar um hvenær eða hversu oft slíkar aðferðir eigi að vera hluti af skólastarfinu frekar en í þeirri sænsku heldur er það hlutverk kennaranna að velja aðferðirnar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Hugtakið útikennsla kemur fram í kaflanum um inntak og skipulag, í undirkaflanum um námsgögn. Þar er útikennsla nefnd sem dæmi um kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar geta nýtt sér við kennslu. Sérstaklega er bent á að námsgögn eigi að samræmast aðalnámskrá og kennsluaðferðir þurfi að höfða til nemenda svo þeir geti átt auðveldara með að tileinka sér námið (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í íslensku námskránni eru fleiri námsgreinar taldar tilheyra samfélagsgreinum en í þeirri sænsku. Auk samfélagsfræði, landafræði, trúabragðafræði og sögu sem sænska námskráin kynnir eru tilgreindar námsgreinarnar þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði í þeirri íslensku. Meginmarkmið samfélagsgreina er að kenna nemendum um nærumhverfið sitt bæði mannlegt og náttúrulegt, en líka gera þá færa um að taka þátt í

félagslegum samskiptum og verða virkir þátttakendur í samfélaginu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Hugtakið útikennsla er aldrei notað í kaflanum um samfélagsgreinar. Hins vegar er oft fjallað um vettvangsferðir og athuganir, og virðist útikennsla vera sú kennsluáferð sem verið sé að vísa til. Dæmi eru tekin af hugmyndum um að fara í vettvangsferðir og taka viðtal við einstaklinga í nærumhverfinu til þess að fræðast frekar um svæðið eða sögu þess. Þegar skoðað var hlutfall blaðsíðna um samfélagsgreinar af heildarfjölda síðna í íslensku námskránni kom í ljós að samfélagsgreinar eru um 5% aðalnámskrár grunnskóla á Íslandi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Þetta má sjá á mynd 2. Er þetta um helmingi minna hlutfall en í þeirri sænsku.



**Mynd 2. Hlutfall umfjöllunar um samfélagsgreinar í íslensku aðalnámskránni.**

### 5.3 Samanburður á íslensku og sænsku námskránni

Í megindráttum virðast áherslur aðalnámskráa á Íslandi og í Svíþjóð í samfélagsgreinum á útikennslu vera um margt svipaðar.

Í sænsku námskránni kemur hugtakið útikennsla (s. utomhuspedagogik) ekki fyrir sem slíkt en efnisþættir og áherslur sem kynntar eru benda til að aðferðir útikennslu þyki mikilvægar. Í því felst að ætlast er til að nemendur læri um og í eigin nærumhverfi og öðlist reynslu sem kenni þeim að meta gæði náttúru og samfélags. Í íslensku námskránni kemur hugtakið útikennsla fram nokkrum sinnum en aldrei í kaflanum um samfélagsgreinar. Hins vegar er eins og í þeirri sænsku gert ráð fyrir að nemendur læri um og í eigin nærumhverfi og fái tækifæri til að upplifa margar hliðar þess. Tilgangurinn er eins og í Svíþjóð að nemendur láti sig varða og taki ábyrgð á umhverfi sínu.

Hins vegar þegar rýnt var í hversu oft hugtök tengd útikennslu komu fyrir í íslensku og sænsku námskránum kom í ljós nokkur munur. Þær niðurstöður birtast í töflu 1 hér fyrir neðan.

Meginmunurinn virðist liggja í að hugtökin útikennsla og vettvangsferðir koma nokkrum sinnum fyrir í þeirri íslensku en nær ekkert í þeirri sænsku. Þá kemur hugtakið upplifun líka oftar fyrir í þeirri íslensku. Hins vegar kemur hugtakið reynsla miklu oftar fyrir í þeirri sænsku en þeirri íslensku, og er hér örugglega um ákveðna skörun að ræða þar sem hugtakið upplifun felur í sér reynslu. Hugtök sem fela í sér þátttöku eða að nemendur séu þátttakendur kemur oftar fyrir í sænsku námskránni.

Íslenska aðalnámskráin		Sænska aðalnámskráin	
Útikennsla/u	6	Utomhuspedagogik	0
Upplifun/a/nir	26	Uppleva	7
Þátttaka/endur	21	Delta/gande	40
Reynsla/u	65	Erfarenhet	143
Vettvangsferðir/athugun	15	Studiebesök	1
Samtals	133	Samtals	191

**Tafla 1. Tíðni hugtaka tengdum útikennslu í íslensku og sænsku aðalnámskránni.**

Í hnotskurn koma hugtök tengdu útikennslu oftar fyrir íslensku námskránni en þeirra sænsku þótt meiri áhersla virðist vera á upplifun og/eða reynslu samanlagt sé meiri í þeirri sænsku.

## 6 Umræður

Eins og fram hefur komið var markmið þessa verkefnis að greina með hvaða hætti áhersla á útikennslu birtist í samfélagsgreinum í aðalnámskrám grunnskóla á Íslandi og Svíþjóð.

Niðurstöður greiningarinnar benda til að skýrari áhersla sé kennsluaðferðir sem fela í sér útikennslu og skyldar aðferðir í íslensku aðalnámskránni en þeirri sænsku.

Í sænsku aðalnámskráin er líkt og þeirri íslensku ekki fyrirmæli um hvaða kennsluaðferðum eigi að beita. Er það á höndum kennara sem fagmanna að velja þær. Hins vegar er í þeirri sænsku talsvert ítarlegar upplýsingar um hvaða efni og efnispætti eigi að kenna nemendum. Í því felst bæði góð leiðbeining fyrir kennara sem m.a. snýst um að gæta samræmis, en í því felst líka ákveðin stýring af hálfu yfirvalda. Hefur slíkur námskrárrammi bæði kosti og galla. Í íslensku námskránni birtist hins vegar hvatning til kennara um að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og gefi dæmi um ýmsar aðferðir þótt almennt séu orðuð.

Í báðum námskrám virðist vera gott svigrúm fyrir útikennslu þótt í þeirri sænsku komið hugtakið ekki fyrir, þ.e.a.s. hugtakið utomspedagogik sem höfundur leggur að jöfnu við hugtakið útikennslu á íslensku.

Í íslensku námskránni virðist hins vegar felast umtalsvert meira svigrúm en í þeirri sænsku með hliðsjóna af útikennslu. Kom það höfundi nokkuð á óvart. Ekki er vísað í ákveðið efni eða efnispætti sem eigi að kenna. Einungis eru kynnt hæfnviðmið og er það alfarið í höndum kennara að velja efnispætti út frá þeim, sem og námsefni til að nota. Í íslensku námskránni er ákveðin sýn kynnt á hvað útikennsla felur í sér og ítrekað tekið fram að kennararnir eigi að nýta sér fjölbreyttar kennsluaðferðir (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Hvort sá munur sem höfundur greindi á námskránum birtist í raun í kennslunni í skólum skal ósagt látið og krefst það nánari rannsókna.

Að vissu marki var auðveldara að greina íslensku námskrána þar sem henni er skipt upp í kafla á annan hátt en þeirri sænsku. Hins vegar er lengd námskránna ekki ósvipuð. Því kom á óvart að ekki væri meira fjallað um útikennslu í sænsku námskránni þegar horft er til þess að hún gildir líka fyrir leikskóla og frístundaheimili. Í því samhengi kom á óvart hve hlutfall samfélagsgreina í íslensku námskránni var lægra en í þeirri sænsku. Líkleg skýring er að í íslensku námskránni falla fleiri greinar undir samfélagsgreina en í þeirri sænsku. Auk samfélagsfræði, landafræði, trúabragðafræði og sögu sem eru í báðum námskrám eru í þeirri íslensku kynntar þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði, allt undir hatti samfélagsgreina. Í þeirri sænsku fá þessar viðbotargreinar hver sinn kafla í námskránni. Með öðrum orðum þá er umfjöllunin í sænsku aðalnámskránni fjórir kaflar en aðeins einn kafli í þeirri íslensku.

Þessar niðurstöður hafa vakið upp spurningar því þær rýma ekki við reynslu höfundar úr sænskum grunnskóla. Annars vegar er það spurningin um hvort í Svíþjóð séu fleiri opinber skjöl en námskráin sem þjóna sem fyrirmæli fyrir kennara um val á kennsluaðferðum eða hvort vísbendingar felist í sjálfu námsefninu sem notað er og kallar á vinnu úti eða einhvers konar vettvangsferðir. Reynsla höfundar af veru í sænskum skóla felur í sér heilmikla útikennlu, nám á vettvangi þar sem lært var um og í nærumhverfi skóla, bæði um náttúru og samfélag. Reynsla höfundar af vera í íslenskum skóla frá rúmlega tíu ára aldri fól í sér litla útikennslu, fáar vettvangsferðir og megináherslu á vinnu inni. Hvort stefnubreyting hefur orðið í sænski námskrá er ókannað en væri rannsóknarefni í sjálfu sér.

Þá vekja þessar niðurstöður upp vangaveltur um tengsl námskrár og þess sem gerist í kennslunni. Námskráin segir eitt og annað getur birst í kennslunni. Hins vegar er niðurstaða þessarar rannsókar að íslenska námskráin fjallar mun meira um útikennslu heldur en sú sænska. Báðar námskrárnar gefa kennurum gott svigrúm til að velja hvernig þeir telja best að haga sinni kennslu þótt svigrúm íslenskar kennara sé umtalsvert meira þar sem ekki eru kynntir efnisþættir sem eigi að fjalla um.

Í hnotskurn eru námskrárnar fyrir samfélagsgreinar á Íslandi og Svíþjóð með svipuðum grunntón sem leggur áherslu á að nemendur læri að láta sig varð nærumhverfi sitt og samfélag og taki þátt sem virkir borgarar í lýðræðisríki. Ramminn sem sænskir kennarar fá til að fylgja er talsvert ítarlegri en sá íslenski og virðast íslenskir kennarar hafa meira frelsi til að móta áherslur í sinni kennslu, ekki bara um aðferðir heldur líka inntak. Hins vegar virðist munur á námskránum í samfélagsgreinum með hliðsjón af útikennslu helst birtast í því að hugtök tengd útikennslu koma oftar fyrir í þeirri íslensku, hugtök tengd reynslu nemenda og upplifun oftar í þeirri sænsku og samfélagsgreinar fá meira rými í þeirri sænsku en þeirri íslensku.

Í báðum námskrám er hins vegar áhersla á að nemendur öðlist reynslu sem dýpki skilning þeirra og virðingu fyrir náttúru og samfélaginu. Þessa reynslu geti þeir öðlast í útikennslu og fara því að fara á staði sem verða bæði viðfangsefni og vettvangur námsins. Þannig upplifa nemendur hlutina á allt annan hátt en ef þeir eru eingöngu inni kennslustofu sinni að lesa um efnið.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

*Auglýsing laga um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 760/2011*

Astrid Jóhanna Kristjánsdóttir. (2016). Útikennsla í samfélagsgreinum: reynsla samfélagsgreinakennara á unglingastigi af nýtingu nærumhverfis í skólastarfi og hugmyndir þeirra um stuðning við þróun þess starfs (Óbirt meistararitgerð). Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/26301>

Gerður G. Óskarsdóttir. (2014). Tengsl skóla og grenndarsamfélags – útinám. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21.aldar* (bls. 269–280). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gilbertson, K., Bates, T., McLaughlin, T., Ewert, A. (2006). *Outdoor Education methods and strategies*. Champaign, IL: Human Kinetics

Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir. (2014). *Útikennsla og útinám í grunnskólum*. Reykjavík: Mál og menning.

Ingólfur Á. Jóhannesson (2013). Grunnskólakennarar í aftursætinu og leikskólakennarar í skottinu. Hlutverk og fagmennska kennara í stefnu ríkis og sveitarfélaga. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frímansson (ritstjórar). *Fagmennska í skólastarfi. Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 131–151). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jónas Hallgrímsson. (1944). *Ljóðmæli*. Reykjavík: Leiftur

Jordet, A.N. (1998). *Nærmiljøet som klasserom: uteskole i teori og praksis*. Oslo: Cappelen akademisk forlag.

Kristín Björnsdóttir. (2013). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 269–280). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Meyvant Þórólfsson og Eggert Lárusson. (2010). Transformation' of the intended science curriculum A tension between instrumental and liberal purposes. *Þjóðspegillinn, 2010*, 205–213.

Meyvant Þórólfsson og Gunnar E. Finnbogason. (2011). Þekkingarfræði og opinberar námskrár. Um náttúruvísindalega þekkingu í námskrám fyrir skyldunám frá 1960 til aldamóta. *Ráðstefnurit Netlu, Menntakvika 2011*, 1–19.

*National Centre for Outdoor Environmental Education.* (2004). Sótt af

<https://old.liu.se/ikk/ncu?l=en>

Odberg, A-H. (2010). Almennar kennslustundir — Útikennsla. Í Gigja Gunnarsdóttir (ritstj.), *Virgni í skólustarfi: handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla* (bls. 59–71).

Reykjavík: Lýðheilsustöð. Sótt af

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12220/Handbok-um-hreyfingu\\_net\\_allt.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12220/Handbok-um-hreyfingu_net_allt.pdf)

Ragnheiður Þorgrímsdóttir. (e.d.) Útikennsla. *Námshestar*. Sótt af

[http://www.namshestar.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=64&Itemid=96&lang=is](http://www.namshestar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=64&Itemid=96&lang=is)

Sigrún Björk Corters, Björgvin Ívar Guðbrandsson, Margrét Hugadóttir og Torfi Hjartarson.

(2016). Útikennsla. Í Aldís Yngvadóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir (ritstj.), *Skapandi skóli – Handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðlun* (bls. 56– 58). Kópavogur: Menntamálastofnun.

Skolverket. (2018). *Läroplan för grundskolan, förskoleklassen och fritidshemmet 2011*

*Reviderad 2018*. Mönlycke: Elanders Sverige Ab.

Vilji og veruleiki. (2007). *Náttúrufræði og tæknimenntun á Íslandi. Nokkrar niðurstöður*. Sótt af

<http://mennta.hi.is/starfsfolk/kristjan/vv/Short%20report%20for%20general%20distribution/VV-nokkrar-nidurstodur-des07.pdf>